

Alþingi
Erindi nr. P 140/1294
komudagur 1.3.2012



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2012

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, þskj. 112 - 112. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur. BSRB tekur heilshugar undir frumvarpið sem miðar að því að jafna eigi réttindi námsmanna til húsaleigubóta án tillits til staðsetningar eða búsetuforms.

Meginreglan varðandi þá sem búa í herbergjum með sameiginlegum aðgangi að eldhúsi og baðherbergi er sú að þeir skulu ekki njóta húsaleigubóta, enda teljist slíkt fyrirkomulag ekki til „íbúðarhúsnæðis“.

Árið 2001 var réttur til húsaleigubóta rýmkaður hvað varðar námsmenn á framhalds- og háskólastigi. Sú breyting var gerð að þeir námsmenn sem leigðu á heimavist eða á námsgörðum skyldu njóta réttar til húsaleigubóta þó svo að þeir deildu aðgangi að eldhúsi og baði.

Að mismuna námsmönnum eftir því hvort þeir búi á almennum leigumarkaði, á heimavist eða á námsgörðum samræmist ekki markmiðum íslenska velferðarkerfisins.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink, reading 'Helga Jónsdóttir', is placed above the printed name.

Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri



Alþingi

Austurstræti 6-8
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1770
komudagur 17.4.2012

Reykholti, 17. apríl 2012
1204003 SHJ

Efni: Umsögn um 112. mál frá velferðanefnd Alþingis

Byggðaráð Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 28. mars 2012 og var eftirfarandi bókað við afgreiðslu erindisins:

112. mál frá velferðanefnd Alþingis.
Byggðaráð gerir engar athugasemdir

Þessi afgreiðsla byggðaráðs var síðan staðfest af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 12. apríl 2012

Virðingarfyllst,

Valtýr Valtýsson
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1658
komudagur 30.3.2012

Grundarfirði, 30. mars 2012.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, 112. mál.

Í gildandi lögum um húsaleigubætur hafa námsmenn á framhalds- eða háskólastigi sem leigja á heimavist eða á námsgörðum rétt til húsaleigubóta. Rétturinn nær ekki til þeirra sem leigja á almennum markaði.

Áriðandi er að leiðrétta aðstöðumun þeirra námsmanna sem leigja á almennum markað og þeirra sem leigja á námsgörðum. Bæjarráð Grundarfjarðar styður þá viðleitni til sem í frumvarpinu felst til að jafna þennan mun.

Bent er á að mikilvægt er að hafa samráð við sveitarfélög um hvernig fjármagna eigi kostnaðarauka sem af frumvarpinu felst ef það verður að lögum. Þá er einnig nauðsynlegt að girða fyrir hugsanlega misnotkun á kerfinu t.d. í þeim tilvikum þar sem fleiri en eitt sveitarfélag kæmi að greiðslu húsaleigubóta vegna sama húsnæðis.

Virðingarfyllst,
Bæjarstjórinn

Björn Steinar Pálmason, bæjarstjóri



Alþingi
Erindi nr. P 140/1432
komudagur 6.3.2012

Hrunamannahreppur.

Sími 480 6600, Fax 480 6606, netfang: hruni@fludir.is, heimasíða www.hrunamannahreppur.is

Velferðarnefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn á breytingu á lögum um húsaleigubætur.

Á fundi hreppsnefndar Hrunamannahrepps 1. mars s.l. var fjallað um umsögn á breytingu á lögum um húsaleigubætur.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Oddviti kynnti beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn vegna breytingar á lögum um húsaleigubætur vegna námsmanna. Hreppsnefnd styður breytinguna.“

Flúðum 2. mars 2012



Sveitarstjórinn í
Hrunamannahreppi.

Jón G. Valgeirsson

Alþingi
Erindi nr. P 140/1528
komudagur 14.3.2012

From: Sædís M. Jónatansdóttir
Sent: 14. mars 2012 15:35
To: 'nefndarsvid@althingi.is'
Subject: 112. mál

Góðan dag

Hér með er umsögn félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar komið á framfæri.

Þingskjal 112

Heiti þingmáls: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997

Sendandi: Ísafjarðarbær

Félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar vill koma fram ábendingu um að mikilvægt sé að í umsókn um húsaleigubætur komi fram hversu margir deili með sér húsnæðinu og þá um leið hver hlutur hvers leigjanda sé. Áhyggjur af því að erfitt verði að halda utan um þetta og koma í veg fyrir misnotkun þar sem greiðslur vegna sömu íbúðar geta komið frá fleiri en einu sveitarfélagi.

Kveðja,

Sædís María Jónatansdóttir

ráðgjafi á Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær

Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður
Ísland

Alþingi
Erindi nr. P 140/1552
komudagur, 19.3.2012

Nefndarsvið Alþingis,
b.t. nefndarsviðs
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Mosfellsbæ, 15.03.2012
nr. erindis 201203073 uvi

Málefni: Frumvarp til breytinga á lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997
mál nr. 112 - 140.lp. – umsögn framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs
Mosfellsbæjar.

Að beiðni 1066. fundar bæjarráðs Mosfellsbæjar 8. mars 2012 veitir undirrituð
umsögn um erindi nefndarsviðs Alþingis sbr. bréf frá 29. febrúar 2012.

Ekki eru gerðar athugasemdir við frumvarpið enda sé tryggt að fullt samráð verði haft
við fulltrúa sveitarfélaga um það hvernig kostnaðarauka þeirra verði mætt ef
frumvarpið verður að lögum.

Virðingarfyllst,



Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs





SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. velferðarnefndar

Reykjavík 26. mars 2012

við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

1112018SA TP
Málalykill: 40

Efni: Frv. til breytingar á lögum um húsaleigubætur - 112. mál 140 lp.

Með vísan til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 29. febrúar sl. lætur Samband íslenskra sveitarfélaga hér með í té eftirfarandi umsögn í tilefni af ofangreindu þingmáli.

Um efni frumvarpsins

Um er ræða þingmannafrumvarp, sem flutt er til þess að rýmka rétt til húsaleigubóta, skv. lögum þar að lútandi nr. 138/1997, með síðari breytingum.

Meginregla laganna er sú að húsaleigubætur komi einungis til álita vegna leigu á íbúðarhúsnæði. Íbúðarhúsnæði er skilgreint sem venjuleg og fullnægjandi heimilisaðstaða sem uppfylli þau lágmarksskilyrði að ekki færri en eitt svefnherbergi sé í húsnæðinu ásamt séreldhúsi eða eldunaraðstöðu og sérsnyrtingu og baðaðstöðu. Af þessu skilyrði leiðir að húsaleigubætur greiðast ekki vegna leigu á einstaklingsherbergjum eða ef eldhús eða snyrting er sameiginleg fleirum.

Í 5. mgr. 7. gr. gildandi laga, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 52/2001, kemur fram að þessi skilyrði um húsnæði séu undanþæg í tveimur tilvikum: (1) sérstök sambýli fyrir fatlað fólk (einkum svokölluð herbergjasambýli) og (2) heimavistir/námsgarðar fyrir nemendur í framhalds- og háskólum.

Framkomið frumvarp felur í sér að síðari undanþágan skv. 5. gr. sé ekki bundin tilteknu íbúðarhúsnæði. Verði það að lögum munu allir námsmenn öðlast rétt til húsaleigubóta – óháð tegund íbúðarhúsnæðis. Er því um róttæka og viðamikla breytingu að ræða, sem m.a. vekur upp spurningar um jafnræði milli leigjendahópa. Ennfremur þarf að greina hvaða áhrif rýmkuð skilyrði geti haft, einkum varðandi líkur á misnotkun húsaleigubótakerfisins.

Almennt má taka undir með flutningsmanni frumvarpsins varðandi það að húsnæðisvandi námsmanna á framhalds- og háskólastigi sé allverulegur um þessar mundir. Þennan vanda má m.a. rekja til breytinga á leigumarkaði frá árinu 2008, einkum í stærstu sveitarfélögunum, þar sem verulega aukin skuldsetning fasteigna, verðtrygging og tiltölulega mikil verðbólga hafa þrýst upp leiguverði. Aðrar markaðsaðstæður, svo sem mikill fjöldi auðra íbúða, hafa ekki náð að vega upp þennan þrýsting nema að litlu leyti. Þá hafa aðrar aðstæður á leigumarkaði einnig bitnað á námsmönnum, t.d. þróun á bankaábyrgðum vegna leigugreiðslna. Þar hafa fjármálastofnanir hert mjög á kröfum sem leigjendur þurfa að fullnægja.



Eins og vikið er að í greinargerð með frumvarpinu er unnið að því á vettvangi velferðarráðuneytisins að greina markmið og leiðir í opinberum húsnæðisstuðningi, þar sem byggt er á skýrslu samráðshóps um húsnæðisstefnu frá apríl 2011. Fulltrúar sveitarfélaganna taka fullan þátt í þessari vinnu, þar á meðal um þróun á húsnæðisbótakerfi. Þá er starfandi samráðsnefnd um framkvæmd laga og reglugerða um húsaleigubætur, með aðild fulltrúa sambandsins og velferðarráðuneytisins.

Nauðsynlegt er að breytingar á lögum og aðrar ráðstafanir í þágu námsmanna haldist í hendur við almennar aðgerðir í húsnæðismálum þar sem fyrir liggja greiningar á kostum og göllum ólíkra leiða. Af þeirri ástæðu telur sambandið fyrirbyggjandi frumvarp ekki vera tímabært.

Um kostnaðarmat

Flutningsmaður vísar til þess í greinargerð að áætla beri kostnaðarauka af tillögum frumvarpsins og „leita leiða“ til að mæta honum. Er frumvarpið því að mati sambandsins ákveðinn prófsteinn á það hvernig meðhöndla beri frumvörp sem flutt eru af þingnefndum eða einstökum þingmönnum og hafa augljóslega veruleg kostnaðaráhrif á sveitarfélögin.

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir það að tillögu sinni að velferðarnefnd Alþingis óski eftir því við fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis og velferðarráðuneytið, að fram fari mat á því hvaða kostnaðaráhrif umrætt frumvarp muni hafa – verði það að lögum.


Bent er á að ef litið er til þeirra laga og ályktana sem Alþingi hefur samþykkt á umliðnum misserum má greinilega sjá aukningu í fjölda mála sem afgreidd eru að frumkvæði þingnefnda og einstakra þingmanna. Sú þróun gefur ástæðu til þess að löggjafinn móti formlegt verklag um það hvernig meta eigi áhrif þingmála sem þannig eru flutt. Kostnaðaráhrif eru þar mikilvægasti þátturinn en jafnframt þarf að skoða áhrif á stjórnsýsluna, þar með talið hvernig stjórnvöld eru í stakk búin til að hrinda nýjum lögum í framkvæmd.

Með slíku verklagi væri tryggt að lagasetning að frumkvæði þingsins uppfyllti meginreglur um undirbúning og frágang lagafrumvarpa, eins og þeim hefur verið lýst, m.a. í ágætri handbók sem skrifstofa Alþingis gaf út í nóvember 2007 í samstarfi við ráðuneyti.

Eðlilegt er að þetta verklag taki einnig til þess ef verulegar breytingar eru gerðar á frumvörpum í meðförum þingsins og ljóst má telja að þær breytingar hafi áhrif á niðurstöðu kostnaðar- og/eða stjórnsýslumats.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Afrit: skrifstofa forseta Alþingis



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 140/1526
komudagur 14.3.2012

Velferðarnefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. mars 2012

Umsögn um þingmál nr. 112 um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er húsnæðisvandi stúdenta mikill. Vandinn á sér ýmsar skýringar, lítið framboð á hentugu húsnæði og mikil fjölgun stúdenta eru tvær skýringar, en hækkandi leiguverð er svo ein skýringin til.

Það liggur fyrir að leiguverð umhverfis Háskóla Íslands hækkar ört og með hækkandi leiguverði á hinum almenna markaði eykst eftirspurn eftir stúdentaíbúðum, en þeirri eftirspurn hefur Félagsstofnun Stúdenta ekki geta sinnt í mörg ár. Íbúðir FS eru of fáar, en nú loksins eru þó tæplega 300 í byggingu eftir mikið hark við skipulagningu. Mun það líklega slá á biðlistana að eitthverju leyti, en ekki öllu. Vert er að taka fram að mikill áhugi er hjá FS að halda áfram við uppbyggingu Stúdentaíbúða í miðborginni og í Vatnsmýrinni.

Í umræddum lögum um húsaleigubætur kemur fram að íbúð þurfi að uppfylla viss skilyrði til þess að teljast „styrkhæf“. Í umræddri 5. mgr. 7. gr. laganna, er slegið af þessum kröfum ef um fatlaða á sambylí er að ræða, eða námsmenn á stúdentagörðum. Stúdentaráði þykir snúið að réttlæta slíkan afslátt af kröfum fyrir stúdentagarða í ljósi þess að ekki komast allir inn á stúdentagarðana sem vilja. Biðlistinn er um 600 manns, og þar af hlutfallslega miklu fleiri af landsbyggðinni, enda láta stúdentar af höfuðborgarsvæðinu sig nægja um Hótel Mömmu mun lengur. Það geta stúdentar af landsbyggðinni ekki gert – og verða því að leita á hinn almenna markað á meðan þeir bíða eftir plássi á löngum biðlistum stofnunarinnar.

Því er gríðarlega mikilvægt að jafna þennan aðstöðumun á milli þeirra sem neyðast út á hinn almenna markað og þeirra sem fá úthlutaða íbúð á stúdentagörðum Félagsstofnunar Stúdenta.

Einnig er vert að benda á að skv. 4. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990, getur einstaklingur sem stundar nám haldið lögheimili sínu í sinni heimabyggð, svo lengi sem námið stendur. Því gerir Stúdentaráð réttmætt ráð fyrir því að kostnaður vegna þessa muni ekki að öllu leyti falla á Reykjavíkurborg, þó um sé að ræða íbúa hennar að mestu leyti. Kemur það til vegna þess að námsmenn sækja sínar húsaleigubætur í sína heimabyggð, hvar sem er á landinu, þó þeir leigi íbúð í Reykjavík.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráð er að öllu leyti fylgjandi þessu frumvarpi, efni þess sem og meðfylgjandi greinargerð.

Ráðið vill þó taka það fram, að það er meðvitað um þá vinnu sem nú er að eiga sérstað og varðar breytingar á heildar búsetustyrkja áætlun hins opinbera. Hefur þar verið nefnt sameiningu vaxtabóta og húsaleigubóta. Stúdentaráð óskar eftir því við velferðarnefnd Alþingis, að ráðið verði haft með í þeirri vinnu að því marki sem hægt er, og að tekið verði tillit til sérstakra þarfa og krafna námsmanna. Til dæmis gæti þetta frumvarp verið gott til hliðsjónar við þá vinnu sem nú fer fram.

Stúdentaráð vekur einnig athygli á því að ráðið og fulltrúar þess eru tilbúnir til þess að svara frekari spurningum nefndarinnar eða einstaka þingmanna hvenær sem er, og er boðið og búið til þess að aðstoða við frekar vinnslu þessa frumvarps, eða annarra.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Heimir Hannesson

From: Rósa Sif Jónsdóttir [rosa@arborg.is]
Sent: 8. mars 2012 11:57
To: Nefndasvið umsagnir
Subject: Afgreiðsla bæjarráðs Árborgar á máli til umsagnar - 112. mál frá velferðarnefnd

Góðan dag,

Á fundi bæjarráðs Árborgar í dag 8. mars var tekin fyrir umsögn um frumvarp til laga um húsaleigubætur - 112. mál frá velferðarnefnd

Eftirfarandi var bókað:

Bæjarráð vísar erindinu til félagsmálanefndar.

Framangreint tilkynnist hér með.

Með kveðju,

Rósa Sif Jónsdóttir

ritari

rosa@arborg.is

sími 480 1900 fax 480 1901

Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stillaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 3. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.